

Fiskeldið Haukamýri ehf.
Haukamýri
640 Húsavík

Selfossi, 2. apríl 2025
Tilvísun: 2502999

Efni: Svar við andmælum vegna eftirlitsskýrslu Matvælastofnunar nr. 39526

Þann 20. mars 2025 bars Matvælastofnun athugasemdir Fiskeldisins Haukamýri (hér eftir eftirlitsþegi) við eftirlitsskýrslur stofnunarinnar nr. 39526 vegna rekstrarleyfis FE-1215. Framangreind eftirlitsskýrsla er dagsett 11. mars 2025 og send eftirlitsþega sama dag. Skýrslan var rituð í kjölfar eftirlits sem fram fór í eldisstöðinni Haukamýri þann 26. febrúar 2025.


Eftirlitsþegi sendi andmæli við fimm liðið við framangreinda skoðunarskýrslu og tvær spurningar við eftirlitsatriði þar sem Matvælastofnun skráði ekki frávik en kom með ábendingu. Hér verða athugasemdir eftirlitsþega rakin og afstaða Matvælastofnunar við þeim. Hagræðis vegna verður afstaða Matvælastofnunar rakin undir hverjum lið fyrir sig. Andmæli eftirlitsþega eru skáletruð.

1. **Frávik 4.2.2. Eldisbúnaður og fiskheldni**

Ristar í gólfi í starthúsi eru of stórar fyrir minnsta fisk á svæðinu.

Ristarnar voru hannaðar og smíðaðar eftir fyrirmælum vegna fráviks hjá MAST. Finristaður bakki undir affalli frá hrognaskráp til að sía ef smáseið sleppa þaðan. Ekkert í stærð fiska í eldiskerjum í starrými hefur breyst síðan þetta var smíðað og samþykkt af Andra Snæ Þorsteinssyni hjá MAST. Óskað er eftir frekari rökstuðningi á því hvers vegna þessi rist er ekki nógu góð lengur og hvaða reglugerðir hafa breyst síðan þetta var samþykkt.

Matvælastofnun bendir sérstaklega á að um er að ræða ristar í gólfi en ekki bakka undir affall frá hrognaskáp. Matvælastofnun telur ristarnar vera of stórar fyrir minnstu seiðin þar sem þau geta komist í gegnum ristarnar. Þá var frágangur í kringum a.m.k. eitt niðurfall ófullnægjandi, sjá mynd hér að neðan. Stærð ristanna og frágangur í kringum eina rist leiði til þess að komi til þess að flæði út fyrir kerin og minnstu seiðin lendi á gólfinu eiga þau greiða leið í niðurföll og fyrri vörn því ófullnægjandi.



Mynd 1 Myndin sýnir rist á gólfi og ófullnægjandi frágang í kringum ristina.

Á rekstrarleyfishafa hvílir sú skylda að tryggja að fiskeldisstöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskeri og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur, sbr. 2. mgr. 19. gr. reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020. Matvælastofnun telur ljóst að á þeim tíma sem eftirlitið fór fram, þann 25. febrúar 2025, voru seiðin sem staðsett voru í fiskeldisstöðinni það lítil að þau hefðu geta komist í gegnum ristar í niðurföllum og stöðin því ekki útbúin fullnægjandi vörnum.

Matvælastofnun telur skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 4.2.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 11. mars 2025 verði felld á brott.

2. Frávik 4.2.3 Búnaður til að endurheimta fisk.

Ekki er til staðar net í stöðinni til að veiða fisk komi til stroks.

Tiltekt stóð yfir og voru net færð til meðan á henni stóð. Viðkomandi starfsmaður sem færði netin var ekki í vinnu þegar eftirlitið fór fram til að geta gefið skýringu á tilfærslunni og eru þau komin aftur á sinn stað og verið að útbúa merkingu þess efni að ekki megi færa þessi net nema með samþykki yfirmanna.

Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008 skal hver eldisstöð eiga og viðhalda nauðsynlegum búnaði til þess að veiða fisk sem strýkur. Net eru nauðsynlegur búnaður til að veiða fisk og skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 og viðbragðsáætlunum sem rekstrarleyfishöfum ber að hafa skulu fyrstu viðbrögð við storki vera að byrja án tafar að leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira strjúki. Þá skulu rekstrarleyfishafar hefja veiðar á fisk eins fljótt og mögulegt er. Til þess að slíkt sé hægt verða net að vera til staðar í fiskeldisstöðinni, aðgengileg og allir starfsmenn geti auðveldlega nálgast þau.

Á þeim tíma sem eftirlitið fór fram óskuðu eftirlitsmenn eftir því að fá að sjá net sem notuð væru til að endurheimta fisk kæmi til stroks. Starfsmaður rekstraraðila sem var viðstaddur eftirlitið hóf leit að netunum tók síðan upp síma og hringdi. Kom hann til baka inn á skrifstofu þar sem eftirlitsmenn voru og sagði að netin myndu ekki, mögulega hefði þeim verið hent í tiltekt á háaloftinu sem hefði nýlega farið fram.

Af athugasemdum eftirlitsþega er ljóst netin hafi verið til en starfsmaður hefði fært netin til og hann hefði verið í frí þann dag sem eftirlitið fór fram.

Matvælastofnun bendir á mikilvægi þess að net séu til staðar, aðgengileg og að öllum starfsmönnum eftirlitsþega sé ljóst hvar þau eru geymd, ekki einungis einum starfsmanni. Bendir stofnunin á að hefði komið til stroks umræddan dag þegar eftirlitið fór fram hefði eftirlitsþegi ekki getað nota þau þar sem umræddur starfsmaður sem á að hafa vitað um netin var í frí og ekki náðst í hann í síma.

Á þeim tíma sem eftirlit Matvælastofnunar voru net ekki aðgengileg og eftirlitsmenn upplýstir um að þeim hafði mögulega verið hent. Í ljósi alls framangreinds telur Matvælastofnun skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 4.2.3 í eftirlitsskýrslu dagsettri 11. mars 2025 verði felld á brott.

3. Frávik 5.1.1 Gæðahandbók sjókvíaeldisstöðva

Ekki er til staðar staðfesting á að árlegur fundir hafi verið haldinn með starfsmönnum eldisstöðvarinnar.

Frávik sem skráð var í eftirliti Matvælastofnunar þann 14.03.2024 varðandi árlegan fund sem haldinn skal með starfsmönnum varðandi gæðakerfi stöðvarinnar, þar skal farið yfir gæðakerfi í heild sinni, helstu breytingar og nýjar áherslur. Þátttöku starfsmanna þarf að skrá í þjálfunarskrá hvers starfsmanns.

Orðalag í fráviki er ekki rétt, við höldum árlegan fund en skráningu á hvað var farið í þessum fundi var ábótavant og að skrá þátttökuna í þjálfunarskrá viðkomandi starfsmanns.

Matvælastofnun telur orðalag fráviksins rétt. Ekkert kemur fram um að stofnunin telji að fundurinn hafi ekki verið haldinn, einungis að ekki hafi verið til staðar staðfesting á að árlegur fundur með starfsmönnum eldisstöðvarinnar hafi verið haldinn. Seinni málsgrein sem finna má undir frávikinu er eins og fram kemur skráð í eldri eftirlitsskýrslu, dags. 14. mars 2024, en ljóst er að þá var heldur ekki til staðar staðfesting á að árlegur fundur hafi verið haldinn. Orðalagið í þeim hluta fráviksins er tekið beint upp úr viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Ljóst er að eftirlitsþegi gat ekki sýnt eftirlitsmönnum staðfestingu á að árlegur fundur hafi verið haldinn með starfsmönnum eldisstöðvarinnar. Matvælastofnun telur skráningu fráviksins því réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 5.1.1 í eftirlitsskýrslu dagsettri 11. mars 2025 verði fellt á brott.

4. Frávik 5.1.2 Þjálfun starfsfólks

Í þjálfunarskrá er ekki skráð þátttaka starfsmanna í árlegum fundi eins og áskilnaður er gerður á um í viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020.

Áætlun/skrá um þjálfun/fræðslu starfsmanna er til staðar en þar er ekki tilgreint að starfsmenn þurfi að fá þá þjálfun sem krafa er um skv. viðauka III í reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020, þ.m.t. að hindra strok og virkja viðbragðsáætlun, að lágmarka umhverfisáhrif og að tryggja velferð eldisdýra. Þá kemur heldur ekki fram varðandi nýliðaðþjálfun að starfsmenn þurfi að fá eftirfarandi þjálfun:

- Varnir gegn stroki; helstu ástæður fyrir stroki og hvernig best er að koma í veg fyrir þær.
- Viðbrögð við stroki.
- Meðhöndlun eiturefna þegar það á við.
- Þekkingu á verklagsreglum, viðbragðsáætlunum og innra eftirliti sem hann vinnur við.

Að mati eftirlitsþega er tvítekið frávik 5.1.1 um að skrá þátttöku á árlegum fundi í þjálfunarskrá (verður lagfært).

Það er rangt að ekki sé tilgreint í þjálfunarskrá þurfi þjálfun í viðbragðsáætlun, í þjálfunarskrá undir kafla um öryggismál eru eftirfarandi atriði tilgreind að þurfi að þjálfa starfsmann í:

- Meðhöndlun eiturefna
- Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar og massadauða
- Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Heiðunarskýrsla utryllt	
Öryggismál:	
	Lyftararéttindi
	Brunavarnir
	Vöktunarkerfi
	Persónuhlífar og meðhöndlun eiturefna
	Mengunarvarnir og bráðamengun
	Viðbragðsáætlun vegna rekstrarstöðvunar og massadauða
	Viðbragðsáætlun vegna slysasleppinga

Í þessum lið þjálfunar er farið í kafla 3.2 og 3.3 í gæða handbók sem fer í öll þessi atriði sem krafist er og þar á meðal Áhættumat, forvarnir og viðbragð við slyssleppingum (sjá viðhengi) Ég vil fá frekari rökstuðning fyrir þessu fráviki og skýringar á því hvers vegna þetta er ekki fullnægjandi (fyrir utan að skrá þátttöku starfsmanna í árlegum fundi sem ætti að tilheyra fráviki 5.1.1)

Matvælastofnun bendir á að ekki er um að ræða tvítekningu á skráningu fráviks um þjálfun starfsmanna. Fyrri skráning undir lið 5.1.1 er eldra varðar frávik sem ekki hefur verið lagfært og málsgreinin tekin beint upp úr reglugerð um fiskeldi nr. 540/2020 eins og áður hefur komið fram. Undir lið 5.1.2 er fjallað um þjálfun starfsfólks og þjálfunarskrá. Frávik um að þátttaka starfsmanna í árlegum fundi sé ekki skráð í þjálfunarskrá leiðir ekki til skráningu tveggja frávika í eftirlitsskýrslu en frávikið er réttilega tilgreint hér.

Matvælastofnun telur að út frá ákvæðum reglugerðar um fiskeldi nr. 540/2020 sé ljóst að eftirlitsþegi verði annars vegar að hafa til staðar yfirlit/skrá yfir hvaða þjálfun eftirlitsþegi telur að starfsfólk sitt þurfi að fá og innan hvaða tímamarka og hins vegar skrá yfir alla þjálfun sem tiltekinn starfsmaður hefur lokið, þ.e. ein þjálfunarskrá fyrir hvern starfsmann. Ekki er nægjanlegt að vísa til þess að í þjálfunarskrá komi fram að tiltekin þjálfun eigi að eiga sér stað eins og fram kemur í andmælum eftirlitsþega heldur þurfi að vera aðskilin skrá/yfirlit þar sem talin er upp sú þjálfun sem þarf að eiga sér stað. Í umræddri þjálfunarskrá kemur ekkert fram innan hvaða tímamarka þjálfunin þarf að eiga sér stað.

Ljóst er að eftirlitsþegi gat ekki sýnt eftirlitsmönnum skrá/yfirlit yfir þá þjálfun sem starfsmenn hans þurfa að fá og innan hvaða tímamarka slík þjálfun þarf að eiga sér stað. Matvælastofnun telur skráningu fráviksins því réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 5.1.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 11. mars 2025 verði fellt á brott.

5. Frávik 5.1.5 Innra eftirlit

Innra eftirlit fer fram innan stöðvarinnar en það er hvergi skrásett og/eða sinnt með markvissum hætti eins og áskilnaður er gerður um í 48. gr. reglugerðar nr. 540/2020. Ljóst er að mati Matvælastofnunar að eftirlitsþegi hefur ekki skilgreint viðmið fyrir þau eftirlitsatriði sem eru vöktuð, sbr. c-lið 48. gr., skráir ekki allt eftirlit, úrbætur og viðhald sbr. e- lið sömu greinar, og sannreynir ekki að verklagsreglur og viðbragðsáætlanir uppfylli markmið og nauðsynlegar úrbætur séu gerðar sbr. f- lið greinarinnar.

Spurning sem spurð var í eftirlitinu var mjög misvísandi og fólst í því að spyrja að sannprófun gæðakerfis væri ekki nóg heldur þyrfti innra eftirlit á skráningu gagna og hver vaktaði að sannarlega væri skráð niður gögn en vísaði ekki í þessa þætti sem fjallað er um í grein 48. Reglugerðar 540/2020 og aldrei var spurt um vöktunaráætlun.

Ég sagði frá því að sannarlega færi ég yfir öll gögn og gerði skýrslu ársfjórðungslega sem þið tölduð nægjanlegt, ég kvittaði vissulega ekki fyrir að ég væri búinn með skýrsluna sem nú orðið full langt gengið að mínu mati.

Við erum sannarlega með sýnatöku og vöktunaráætlun sem öll þessi atriði í 48gr. reglugerðar 540/2020 fara fram á (sjá fylgiskjal) en þið spurðuð aldrei út í það.

Varðandi f) lið 48.gr viðkomandi reglugerðar þá er förum við yfir þessi í heimsóknum hjá MAST, UST og svo ASC vottunaraðila svo ég skil ekki hvernig þið getið haldið því fram að ég uppfylli ekki f) liðinn.

Ég óska eftir frekari rökstuðning fyrir þessu fráviki og skýringum á því hvers vegna við uppfylltum ekki 48gr reglugerðar 540/2020 á fullnægjandi hátt. Ef þið teljið skráningu ábótavant þá vil ég fá skýra sundurliðun á því hvaða skráningu þið teljið ekki fullnægjandi.

Matvælastofnun bendir á að það kemur skýrt fram að stofnunin telji að innra eftirlit fari fram en þó með ómarkvissum hætti. Eins og bent var á í eftirlitinu er sannprófun eitt og innra eftirlit annað. Með innra eftirliti er verið að fylgja því eftir að atriði sem tilgreind eru m.a. í 48. gr. reglugerðar um fiskeldi og eftirlitsþegi telur að þurfi að vakta séu vöktuð, þ.e. farið er yfir t.d. vöktunaráætlun sem eftirlitsþegi vísar til í andmælum sínum og kannað hvort að þau atriði sem eru þar tilgreind séu sannarlega vöktuð á þeim tíma sem þar eru tilgreind. Sem dæmi má nefna varðandi vöktun á hitastigi. Í sýnatöku og vöktunaráætlun eftirlitsþega segir að það skuli gert í öllum kerjum á tveggja vikna fresti, hver viðmiðin eru, viðbrögð við frávikum og hvernig skrá skuli niðurstöður. Innra eftirlit eftirlitsþega fellst þá í að staðfesta hvort að þetta hafi verið framkvæmt með þessum hætti og ef ekki skrá frávik og vinna úr þeim. Eftirlitsþegi á því að vera með til staðar verklag um innra eftirlit þar sem markmið, ábyrgð, framkvæmd og tíðni eftirlits, viðmiðanir, úrbætur og skráning kemur fram, sbr. 48. gr. og viðauki III í reglugerð um fiskeldi nr. 50/2020.

Eins og fram hefur komið telur Matvælastofnun að innra eftirliti hafi að einhverju leiti verið sinnt en sýnatöku og vöktunaráætlun eftirlitsþega er ekki verklag um innra eftirlit né nær það til allra þátta sem talin eru upp í 48. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Eftirlit Matvælastofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar og ASC vottunaraðila er ekki innraeftirlit. Hvað varðar Matvælastofnun þá fellst það eftirliti í að kanna hvort eftirlitsþegi framkvæmi innra eftirlit og fá staðfestingu á að þau atriði sem innra eftirlitið á að taka til séu vöktuð. Því er mikilvægt að eftirlitsþegi skrásetji þegar innra eftirlit á sér stað.

Eftirlitsþega er því bent á að setja upp verklag um framkvæmd innra eftirlits og gæta að því að skrásetja hvenær innra eftirlit á sér stað, frávik og úrbætur. Matvælastofnun telur skráningu fráviksins því réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 5.1.2 í eftirlitsskýrslu dagsettri 11. mars 2025 verði fellt á brott.

Matvælastofnun telur skráningu fráviksins réttmæta og fellst ekki á rök eftirlitsþega um að framangreint frávik undir lið 5.1.5 í eftirlitsskýrslu dagsettri 11. mars 2025 verði fellt á brott.

6. Annað

Í eftirlitsskýrslu kom Matvælastofnun á framfæri ábendingum varðandi verklagsreglur og viðbragðsáætlanir án þess að skrá frávik. Skráning í eftirlitsskýrslu var „í lagi“ en texti ritaður með ábendingum. Í andmælabréfi komu fram spurningar varðandi þessar ábendingar og er því rétt að tiltaka þær í svörum við andmælum og svara spurningum eftirlitsþega. Spurning eftirlitsþega er skáletruð.

5.1.3 Verklagsreglur

Matvælastofnun leggur til að eftirfarandi verklagsreglur verði skrifaðar og teknar upp í eldisstöðinni:

- Verklagsreglur um losun dauðfisks úr kerjum
- Verklagsreglur um flokkun seiða í stöð
- Verklagsreglur um skráningu affalla í klakhúsi

Hvað af þessum verklagsreglum teljið þið að vanti hjá okkur ?

Eins og fram kemur í ábendingunni leggur Matvælastofnun til að eftirlitsþegi taki upp þær þrjár verklagsreglur sem tilteknar eru í textanum.

5.1.4 Viðbragðsáætlanir

Matvælastofnun leggur til að eftirfarandi viðbragðsáætlanir verði skrifaðar og teknar upp í eldisstöðinni:


- Viðbragðsáætlun vegna fárviðris og ísingar á búnaði
- Viðbragðsáætlun vegna eldsvoða
- Viðbragðsáætlun vegna ófullnægjandi vatnsgæða

Hvað af þessum verklagsreglum teljið þið að vanti hjá okkur (fyrir utan fárviðri og ísingu sem seinast þegar ég vissi ætti að fella út fyrir landeldi) ?

Eins og fram kemur í ábendingunni leggur Matvælastofnun til að eftirlitsþegi taki upp þær þrjár viðbragðsáætlanir sem tilteknar eru í textanum. Stofnunin telur þær allar eiga við starfsemi eftirlitsþega þar sem m.a. hluti kerja er staðsettur utandyra og því gætu skapast aðstæður að fárviðrið eða ísing geti leitt til bilana í búnaði eða ógnað velferð þeirra fiska sem eru staðsettir utandyra.

Með vísan til framangreindrar umfjöllunar Matvælastofnunar við alla liði andmæla eftirlitsþega er ljóst að stofnunin tekur andmæli Fiskeldisins Haukamýri vegna eftirlitsskýrslu nr. 39526 dags. 11. mars 2025 ekki til greina. Bent er á að hægt er að kæra ákvörðunina til Matvælaráðuneytisins og fer um kærana samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Kærufrestur er einn mánuður frá dagsetningu þessa bréfs að telja.

Virðingarfyllt,
f.h. Matvælastofnunar



Jónína Guðmundsdóttir
Lögfræðingur